



SAMANDREGINN ÁRSHLUTAREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR
1. MARS TIL 31. MAÍ 2025

AÐFÖNG

Bananar



ELDUM RÉTT

HAGKAUP

olís

sms

STÓRKAUP

ZARA

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrtæki með starfsemi á Íslandi, í Færejum og í Hollandi en félagið er leiðandi á íslenskum dagvöru- og eldsneytismarkaði. Á Íslandi starfrækti félagið 40 matvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 43 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun lok tímabilsins. Kjarnastarfsemi Haga á Íslandi er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu. Í Færejum starfrækja Hagar verslunarfélagið SMS sem er leiðandi á færeyska markaðinum en SMS rekur m.a. 13 dagvöruverslanir, sex veitingastaði og þrjár sérvöruverslanir. Í Hollandi starfrækja Hagar eina netverslun með áfengi.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 1.165 millj. kr. (2024/25: 850 millj. kr.). Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 4.046 millj. kr. (2024/25: 3.214 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 108.219 millj. kr. (Árslok 2024/25: 105.036 millj. kr.). Eigið fé i lok tímabilsins nam 39.673 millj. kr. (Árslok 2024/25: 38.489 millj. kr.) og var eiginfjárlutfall 36,7% (Árslok 2024/25: 36,6%).

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi gekk heilt yfir vel, bæði á Íslandi og í Færejum, og var í samræmi við áætlanir stjórnenda. SMS í Færejum varð hluti af samstæðu Haga á 4. ársfjórðungi 2024/25 og gætir áhrifa þeirra því ekki í samanburðartölum fyrra árs. Vörusala jókst um 9,2% milli ára (1,0% án SMS) þar sem söluaukning verslana og vöruhúsa á Íslandi nam 6,9% en samdráttur var milli ára í sölu hjá Olís sem nam 13,1%. Samdrátt í sölu hjá Olís má rekja til umtalsvert lægra heimsmarkaðsverðs á olíu milli ára en einnig til minni einskiptisviðskipta hjá erlendum stórnendum. Framlegð jókst í krónum talið um 21,8% (7,9% án SMS) og framlegðarhlutfall nam 24,1%. Rekstrarkostnaður hækkaði um 22,1% milli ára (4,8% án SMS) og EBITDA fjórðungsins styrktist um 25,9% frá fyrra ári (9,4% án SMS). Matsbreyting fjárfestingarfasteigna var neikvæð um 173 m.kr., en þar af voru 166 m.kr. vegna fasteigna í rekstrarleigu hjá SMS en bókfært verð þeirra nemur 4.394 m.kr. í lok tímabils. Gangvirðisbreyting þeirra er færð í gegnum rekstur út líftíma leigusamninganna.

Afkomuspá stjórnenda fyrir rekstrarárið 2025/26 gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) verði á bilinu 16.000-16.500 millj. kr. Fjárhagsleg staða samstæðunnar er sterk og er fjármögnun tryggð. Aðgangur að skammtímafjármögnum í formi lánalína, að fjárhæð 3,0 ma. kr. hjá viðskiptabanka er tryggður en einnig hefur félagið nýtt sér skammtímafjármögnum í formi víxlaútgáfu. Útgáfa víxlanna er í samræmi við grunnlysingu 10 ma. kr. útgáfuramma sem stjórn félagsins hefur samþykkt. Gera má ráð fyrir að félagið nýti sér áfram markaðsfjármögnum á næstu misserum.

Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.106 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda. Eigin hlutir námu 8,1 millj. kr. að nafnverði í upphafi og í lok tímabils.

Hluthafar voru 923 í byrjun tímabilsins og 910 í lok þess.

Þann 27. maí 2025 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaði síðasta reikningsárs, án áhrifa matsbreytinga og hlutdeildarfélaga, eða samtals 2.504 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 5. júní 2025.

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA, FRH.:

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glöggja mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2025, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. maí 2025 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættupáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2025 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Árshlutareikningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Reykjavík, 26. júní 2025

Stjórn:

Eiríkur S. Jóhannsson, formaður

Eva Bryndís Helgadóttir, varaformaður

Einar Örn Einarsson, meðstjórnandi

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

Sigríður Olgeirs Þórsson, meðstjórnandi

Forstjóri:

Finnur Oddsson

REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

1. MARS 2025 TIL 31. MAÍ 2025

	Skýr.	2025	2024
		1.3.-31.5.	1.3.-31.5.
Vörusala		48.115	44.067
Kostnaðarverð seldra vara	(36.496)	(34.530)
Framlegð		<u>11.619</u>	<u>9.537</u>
Aðrar rekstrartekjur		318	142
Laun og launatengd gjöld	(5.327)	(4.377)
Annar rekstrarkostnaður	(2.564)	(2.088)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		<u>4.046</u>	<u>3.214</u>
Afskriftir	7	(1.458)	(1.381)
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	(173)	0
Rekstrarhagnaður		<u>2.415</u>	<u>1.833</u>
Hrein fjármagnsgjöld	8	(959)	(789)
Áhrif hlutdeildarfélaga		<u>32</u>	<u>25</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>1.488</u>	<u>1.069</u>
Tekjuskattur	(323)	(219)
Heildarhagnaður tímabilsins		<u>1.165</u>	<u>850</u>
Önnur heildarafkoma			
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé en kunna síðar að verða færðir í rekstrarreikning:			
þýðingarmunur	(45)	0
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé sem síðar verða ekki færðir í rekstrarreikning:			
Endurmat fasteigna að frádregnum tekjuskattí		69	0
Önnur heildarafkoma samtals		<u>24</u>	<u>0</u>
Heildarafkoma ársins		<u>1.189</u>	<u>850</u>
Skipting hagnaðar:			
Hluthafar móðurfélags		1.164	850
Hlutdeild minnihluta		1	0
Hagnaður ársins		<u>1.165</u>	<u>850</u>
Skipting heildarafkomu:			
Hluthafar móðurfélags		1.188	850
Hlutdeild minnihluta		1	0
Heildarafkoma ársins		<u>1.189</u>	<u>850</u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður á hlut		1,06	0,78
Þynntur hagnaður á hlut		1,06	0,77

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. MAÍ 2025

	Skýr.	31.5.2025	28.2.2025
Eignir			
Rekstrarfjármunir		36.384	35.632
Fjárfestingarfasteignir		9.251	9.449
Óefnislegar eignir		15.238	15.601
Leigueignir	9	14.113	14.645
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		6.125	6.332
Aðrar langtímaeignir		209	217
Fastafjármunir samtals		81.320	81.876
Vörubirgðir	10	13.580	13.974
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	11	7.443	6.887
Handbært fé		5.876	2.299
Veltufjármunir samtals		26.899	23.160
Eignir samtals		108.219	105.036
Eigið fé			
Hlutafé		1.098	1.098
Bundið eigið fé	12	15.443	13.862
Óráðstafað eigið fé		23.163	23.561
Eigið fé hluthafa móðurfélags samtals		39.704	38.521
Hlutdeild minnihluta		(31)	(32)
Eigið fé samtals		39.673	38.489
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	13	17.142	17.137
Leiguskuldir	14	15.593	15.947
Tekjuskattsskuldbinding		4.155	3.883
Langtímaskuldir samtals		36.890	36.967
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	13	6.128	6.278
Leiguskuldir	14	3.388	3.630
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	15	22.140	19.672
Skammtímaskuldir samtals		31.656	29.580
Skuldir samtals		68.546	66.547
Eigið fé og skuldir samtals		108.219	105.036

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

EIGINFJÁRYFIRLIT

1. MARS 2025 TIL 31. MAÍ 2025

Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. maí 2024	Hlutafé	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. mars 2024	1.084	8.928	18.176	28.188	0	28.188
Hagnaður tímabilsins			850	850		850
Breyting á hlutdeildarreikning ..	1.215	(1.215)		0		0
Eigið fé 31. maí 2024	1.084	10.143	17.811	29.038	0	29.038
1. mars til 31. maí 2025						
Eigið fé 1. mars 2025	1.098	13.862	23.561	38.521 (32)	1	38.489
Hagnaður tímabilsins			1.164	1.164		1.165
Uppgjör kaupréttarsamninga ...	(11)	6	(5)		(5)	
Breyting á hlutdeildarreikning ..	1.586	(1.586)	0			0
Fært á endurmatsreikning	69		69			69
Upplausn á endurmati	(18)	18	0			0
þýðingarmunur tímabilsins	(45)		(45)		(45)	
Eigið fé 31. maí 2025	1.098	15.443	23.163	39.704 (31)		39.673

Þann 27. maí 2025 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 50% hagnaði síðasta reikningsárs, án áhrifa matsbreytinga og hlutdeildarfélaga, eða samtals 2.504 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 5. júní 2025.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT

1. MARS 2025 TIL 31. MAÍ 2025

	Skýr.	2025	2024
		1.3.-31.5.	1.3.-31.5.
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		1.165	850
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárvstreymi:			
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(2)	(3)	
Afskriftir	7	1.458	1.381
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna		173	0
Hrein fjármagnsgjöld	8	959	789
Áhrif hlutdeildarfélaga	(32)	(25)	
Tekjuskattur		323	219
Aðrir liðir	(11)	0	
		Veltufé frá rekstri	4.033
Breytingar á rekstrartengdum eignum		(140)	(828)
Breytingar á rekstrartengdum skuldum		2.593	2.484
		Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt	6.486
Innheimtar vaxtatekjur		34	46
Greidd vaxtagjöld	(832)	(702)	
Greiddur tekjuskattur	(287)	(321)	
		Handbært fé frá rekstri	5.401
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(1.039)	(504)	
Söluverð rekstrarfjármuna		3	7
Fjárfesting í fjárfestingarfasteignum	(12)	(22)	
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(250)	(173)	
Skuldabréfaeign, breyting		7	8
		Fjárfestingarhreyfingar	(1.291)
Fjármögnunarhreyfingar			
Móttekinn arður frá hlutdeildarfélögum		250	70
Nýjar vaxtaberandi langtímaskuldur		98	0
Afborganir langtímalána	(196)	(111)	
Vaxtaberandi skammtímaskuldur, breyting	(134)	0	
Leiguskuld afborganir	(545)	(418)	
		Fjármögnunarhreyfingar	(527)
Hækkun á handbæru fé		3.583	2.747
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(6)	0
Handbært fé í upphafi tímabils		2.299	1.827
Handbært fé í lok tímabils		5.876	4.574

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

SKÝRINGAR

1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Holtavegi 10, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars til 31. maí 2025 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og tengdra vöruhúsa, ásamt sölu á eldsneyti. Í skýringu 16 er greint frá dótturfélögum í samstæðunni.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) um árshlutareikninga, IAS 34, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2025.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 26. júní 2025.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2025. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

5. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrunum viðskiptavilda þann 31. maí 2025 og vegna þess var virðisrýnunarpróf ekki framkvæmt.

6. Starfspáttayfirlit

Starfspættir samstæðunnar eru þrír en þeir eru verslanir og vöruhús á Íslandi, verslanir og vöruhús í Færeyjum og Olís. Starfsemi verslana og vöruhúsa, bæði á Íslandi og í Færeyjum, er að lang stærstum hluta í smásölurekstri dagvöru. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist, auk sölu skyndibita og ýmissa nauðsynjavara. Olís rekur þjónustustöðvar víðsvegar um landið undir vörumerki Olís en rekur auk þess fjöldan allan af ÓB sjálfsafgreiðslustöðvum.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa á Íslandi felur í sér starfsemi Bónus, Hagkaups, Aðfanga, Banana, Stórkaups, Noron, Eldum rétt og móðurfélags. Starfsemi Haga Wine B.V. í Hollandi fellur einnig hér undir en vegna smæðar starfseminnar og einkenna hennar er ekki um sérstakan starfspátt að ræða, þrátt fyrir annað landsvæði. Stjórnendur hafa lagt mat á smásöluverslun á Íslandi, eftir mismunandi tegundum verslana, og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur dagvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits.

Starfspáttur verslana og vöruhúsa í Færeyjum inniheldur alla starfsemi SMS samstæðunnar sem einkum samanstandur af rekstri dagvöruverslana Bónus, Miklagarðs og Mylnunar en einnig rekstri veitingastaða, sérvöruverslana, kjötvinnslu, brauð- og kökugerðar sem og rekstri fasteigna. Rekstur SMS samstæðunnar, utan smásöluverslunar með dagvöru, er óverulegur í samhengi við tekju-, hagnaðar- og eignamörk samstæðu Haga sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits og er því litið á starfsemi SMS samstæðunnar sem einn starfspátt.

SKÝRINGAR, FRH.: ---

6. Starfspáttayfirlit, frh.:

<i>Fyrsti ársfjórðungur 2025/26</i>	Verslanir og vöruhús - Ísland	Olís ehf.	Verslanir og vöruhús - Færeyjar	Jöfnunar- færslur	Samtals
Vörusala	33.405	11.328	3.614 (232)	48.115	
Aðrar rekstrartekjur	190	27	176 (75)	318	
Heildartekjur starfspáttá	33.595	11.355	3.790 (307)	48.433	
Heildarrekstrargjöld starfspáttá	(30.875)	(10.557)	(3.262)	307 (44.387)	
EBITDA starfspáttá	2.720	798	528	0	4.046
Afskriftir starfspáttá	(994)	(285)	(179)	0	(1.458)
Matsbreyting starfspáttá	2	(9)	(166)	0	(173)
Áhrif hlutdeildarfélaga	(11)	43	0	0	32
Rekstrarafkoma starfspáttá	1.717	547	183	0	2.447
Hrein fjármagnsgjöld	(664)	(185)	(110)	0	(959)
Tekjuskattur					(323)
Hagnaður tímabilssins					1.165
31. maí 2025					
Eignir samtals	66.702	24.348	17.169	0	108.219
Skuldir samtals	46.555	10.519	11.472	0	68.546
Fjárfestingar starfspáttá (nettó)	726	436	136	0	1.298
<i>Fyrsti ársfjórðungur 2024/25</i>					
Vörusala	31.243	13.043	0 (219)	44.067	
Aðrar rekstrartekjur	187	25	0 (70)	142	
Heildartekjur starfspáttá	31.430	13.068	0 (289)	44.209	
Heildarrekstrargjöld starfspáttá	(28.983)	(12.301)	0	289 (40.995)	
EBITDA starfspáttá	2.447	767	0	0	3.214
Afskriftir starfspáttá	(1.005)	(376)	0	0 (1.381)	
Matsbreyting starfspáttá	0	0	0	0	0
Áhrif hlutdeildarfélaga	(2)	27	0	0	25
Rekstrarafkoma starfspáttá	1.440	418	0	0	1.858
Hrein fjármagnsgjöld	(667)	(122)	0	0 (789)	
Tekjuskattur					(219)
Hagnaður tímabilssins					850
31. maí 2024					
Eignir samtals	57.641	23.900	0	0	81.541
Skuldir samtals	41.346	11.157	0	0	52.503
Fjárfestingar starfspáttá (nettó)	572	120	0	0	692

SKÝRINGAR, FRH.: ---

7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

	2025 1.3-31.5.	2024 1.3-31.5.
Afskriftir rekstrarfjármuna	737	747
Afskriftir leigueigna	518	491
Afskriftir óefnislegra eigna	162	109
Hlutdeild í afskriftum Olúdreifingar ehf.	41	34
Afskriftir samtals	1.458	1.381

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2025 1.3-31.5.	2024 1.3-31.5.
Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	34	46
Gengishagnaður	0	9
Fjármunatekjur samtals	34	55
 Vaxtagjöld og verðbætur	(610)	(576)
Vaxtagjöld leiguskuldar	(351)	(268)
Gengistap	(32)	0
Fjármagnsgjöld samtals	(993)	(844)
 Hrein fjármagnsgjöld	(959)	(789)

9. Leigueignir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnaðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna löðaleigusamninga eru ekki færðar. Upplýsingar um leiguskuldir má finna í skýringu 14.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

31.5.2025 28.2.2025

Leigueignir í upphafi tímabils	14.645	11.252
Yfirtekið vegna kaupa á dótturfélagi	0	2.539
Breytingar á leigusamningum	(175)	2.447
Verðbætur	185	599
Afskriftir	(518)	(2.067)
Þýðingarmunur	(24)	(125)
Leigueignir í lok tímabils	14.113	14.645

10. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

31.5.2025 28.2.2025

Dagvara	6.753	7.603
Sérvara	3.260	2.868
Eldsneyti	3.205	3.190
Vörur í flutningi	362	313
Vörubirgðir samtals	13.580	13.974
 Niðurfærsla birgða í lok tímabils	418	424

SKÝRINGAR, FRH.: ---

11. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	31.5.2025	28.2.2025
Viðskiptakröfur	5.899	5.722
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(274)	(258)
Gjaldmiðlaskiptasamningur	0	131
Aðrar skammtímakröfur	465	560
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	6.090	6.155
Greiðslukortakröfur	1.353	732
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	7.443	6.887

12. Eigið fé

Bundið eigið fé greinist þannig:	Lög-bundinn varasjóður	Endurmats reikningur	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundinn eiginfjárr- reikningur	Bundið eigið fé samtals
Bundið eigið fé 1. mars 2024	277	0	8.597	54	8.928
Breyting á hlutdeildarreikningi	0	0	1.215	0	1.215
Bundið eigið fé 31. maí 2024	277	0	9.812	54	10.143
Bundið eigið fé 1. mars 2025	277	3.677	9.825	83	13.862
Uppgjör kaupréttsamsninga	0	0	0	(11)	(11)
Breyting á hlutdeildarreikningi	0	0	1.586	0	1.586
Fært á endurmatsreikning	0	69	0	0	69
Upplausn á endurmati	0	(18)	0	0	(18)
Þýðingarmunur tímabilsins	0	0	0	(45)	(45)
Bundið eigið fé 31. maí 2025	277	3.728	11.411	27	15.443

13. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	Vegið meðaltal vaxta 31.5.2025	Eftirstöðvar 31.5.2025	Eftirstöðvar 28.2.2025
Langtímaskuldir í ISK, óverðtryggðar	8,71%	9,03%	7.929
Langtímaskuldir í ISK, verðtryggðar	2,80%	2,80%	6.206
Langtímaskuldir í DKK, óverðtryggðar	4,36%	4,41%	3.663
Skammtímaskuldir í DKK, óverðtryggðar	4,32%	4,77%	3.867
Víxilskuldir í ISK	8,46%	8,64%	1.420
Lánalína í DKK	4,45%	4,55%	185
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun		23.270	23.415
Næsta árs aforganir vaxtaberandi skulda		(6.128)	(6.278)
Langtímaskuldir samtals		17.142	17.137

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs	6.128	6.278
Afborganir eftir 1 til 2 ár	3.679	3.665
Afborganir eftir 2 til 3 ár	2.259	2.245
Afborganir eftir 3 til 4 ár	694	686
Afborganir eftir 4 til 5 ár	5.651	5.594
Afborganir síðar	4.859	4.947
Samtals	23.270	23.415

SKÝRINGAR, FRH.:

13. Vaxtaberandi skuldir frh.

Breyting vaxtaberandi skulda á tímabilinu greinist þannig:	31.5.2025	28.2.2025
Vaxtaberandi skuldir í upphafi tímabils	23.415	17.104
Ný lántaka langtímalána	98	3.169
Ný lántaka skammtímalána	0	3.890
Yfirtekið vegna kaupa á dótturfélagi	0	3.597
Afborganir langtímalána	(196)	(3.020)
Breyting á víxískuldum	(20)	(1.440)
Breyting á lánalínu	(114)	(231)
Verðbætur	134	280
Gengismunur	(40)	17
Áfallnir vextir sem bætast við höfuðstól	36	52
Þýðingarmunur	(43)	(3)
Vaxtaberandi skuldir í lok tímabils	23.270	23.415

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

14. Leiguskuldir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar. Upplýsingar um leiguskuldir má finna í skýringu 9.

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:	31.5.2025	28.2.2025
Leiguskuldir í upphafi tímabils	19.577	12.239
Yfirtekið vegna kaupa á dótturfélagi	0	6.227
Breytingar á leigusamningum	(175)	2.447
Afborgunarpáttur leigugreiðslna	(544)	(1.810)
Verðbætur	185	599
Þýðingarmunur	(62)	(125)
Leiguskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun	18.981	19.577
Næsta árs afborganir leiguskulda	(3.388)	(3.630)
Leiguskuldir til langtíma í lok tímabils	15.593	15.947

Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs	3.388	3.630
Afborganir eftir 1 til 2 ár	2.745	2.849
Afborganir eftir 2 til 3 ár	2.224	2.261
Afborganir eftir 3 til 4 ár	1.842	1.843
Afborganir eftir 4 til 5 ár	1.652	1.646
Afborganir síðar	7.130	7.348
Samtals	18.981	19.577

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 895 millj. kr. (2024/25: 686 millj. kr.).

SKÝRINGAR, FRH.:

15. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	31.5.2025	28.2.2025
Tekjuskattur til greiðslu	1.277	1.242
Viðskiptaskuldir	17.366	14.977
Aðrar skammtímaskuldir	3.497	3.453
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	22.140	19.672

16. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru átta í upphafi og lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

Staðsetning	Eignarhlutur	
	31.5.2025	28.2.2025
Hagar verslanir ehf.	Ísland	100%
Olís ehf.	Ísland	100%
Bananar ehf.	Ísland	100%
Noron ehf.	Ísland	100%
Stórkaup ehf.	Ísland	100%
Eldum rétt ehf.	Ísland	100%
Hagar Wine B.V.	Holland	100%
P/F SMS	Færreyjar	100%

17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í féluginu, hlutdeildarfélög þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

Viðskipti við tengda aðila	2025	2024
Viðskipti við tengda aðila eru við hlutdeildarfélög og greinast þannig:	1.3.-31.5.	1.3.-31.5.
Seldar vörur og þjónusta	50	118
Keyptar vörur og þjónusta	(607)	(571)
Viðskiptakröfur í lok tímabils	105	12
Viðskiptaskuldir í lok tímabils	(263)	(72)

SKÝRINGAR, FRH.:

18. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

Rekstur	2025 1.3-31.5.	2024 1.3-31.5.
Rekstrarhagnaðarhlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu)	8,4%	7,3%
Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu)	11,1%	9,9%
Kostnaðarhlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu)	5,3%	4,7%
Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða)	10,7	11,4
Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum	11,6	11,4

Efnahagur	31.5.2025	28.2.2025
Veltufjárhlfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir)	0,85	0,78
Lausafjárhlfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir)	0,42	0,31
Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir)	2,3	2,8
Eiginfjárhlfall (eigið fé / heildareignir)	36,7%	36,6%
Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé)	36,16	35,08